



SAMTÖK FYRIRTÆKJA
Í VELFERÐARÞJÓNUSTU

Yfirlýsing frá Samtökum fyrirtækja í velferðarþjónustu til hjúkrunarheimila vegna COVID – 19

Nú er staðfest að smit vegna Kórónaveirunnar (COVID – 19) hafa borist á milli einstaklinga í þjóðfélaginu. Ríkislögreglustjóri hefur lýst yfir neyðarstigi almannavarna í samráði við sóttvarnalækni vegna þessa. Þar sem íbúar hjúkrunarheimila eru flestir aldraðir og / eða með ýmsa undirliggjandi sjúkdóma eru þeir í sérstökum áhættuhóp tengt því að veikjast alvarlega af Kórónaveirunni. Leita þarf allra leiða til að draga úr þeirri hættu að íbúar heimilanna smitist. Með hliðsjón af því og í samráði við Sóttvarnarlækni og Landlækni vilja Samtök fyrirtækja í velferðarþjónustu (SFV) **hvetja hjúkrunarheimili innan samtakanna til að loka heimilunum fyrir heimsóknnum ættingja og annarra gesta sem allra fyrst** og halda þeim lokuðum þar til annað verður tilkynnt.

Reykjavík, 6. mars 2020

f.h. Samtaka fyrirtækja í velferðarþjónustu

Eybjörg Hauksdóttir, framkvæmdastjóri.